

Alþingi
Erindi nr. P 143/694
komudagur 13.12.2013

Reykjavík 13 desember 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Frá Framtíðarlandinu – félagi áhugafólks um framtíð Íslands

Efni: Umsögn vegna máls 167 um frumvarp til laga um brotfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Eftir áralanga vinnu sem fram hefur farið í stjórnkerfinu við gerð nýrra náttúruverndarlaga og færa þau nær því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar á að afturkalla lögin.

Menntað fólk á launum hjá ríkinu hefur eytt ótal mannaárum í að ígrunda lögin og í stað þess að sníða af þeim hugsanlega vankanta á að afnema þau í heild sinni. Við teljum að stjórn af þessu tagi verði að teljast í fyrsta lagi slæm, í besta falli vafasöm, jafnvel ofstækisfull.

Stjórnsýslu á að byggja á traustum grunni, rammi sem embættismenn starfa eftir á að vera íhaldssamur. Nýju lögin voru eðlileg endurnýjun á gömlum lögum, byggð á allt að 10 ára vinnu í ráðuneytum, undir ýmsum stjórnnum.

Vinnubrögð af þessu tagi eru til þess fallin að spilla tilfinningu fyrir lögum á Íslandi - að skapa jarðveg og fordæmi fyrir geðþótta ráðherraalds þar sem grunnlögum og grunnstoðum getur verið kippt undan okkur fyrirvaralaust.

Hún skapar þá tilfinningu að sum lög séu „vinstri“ sum lög séu „hægri“ hún spillir tilfinningunni fyrir eðli laga, lögin eru til þess gerð að vanvirða vinnu embættismanna, upphefja ráðherrann og eykur hættu á popúlisma og að lögum verði breytt eða þau afnumin af annarlegum ástæðum hvort sem í einhverskonar hefndarskyni eða af öðrum ástæðum.

Vinnubrögð sem þessi grafa undan Íslandi sem lýðræðis og réttaríki, þau eru slæmt fordæmi, fyrir hvaða stjórn sem tekur við, þetta eru vinnubrögð langt frá öllum meðalhófsreglum og framkvæmd án ítarlegs rökstuðnings til rökstuðnings að eyðileggja vinnu sérfræðinga sem starfa hjá ríkinu og eru til þess gerð að flæma hæfileikafólk úr starfi og veikja stjórnkerfi okkar sem er veikt fyrir.

Vinnubrögð af þessu tagi ættu ekki að líðast og þess vegna erum við andvíg þessu frumvarpi.

Með kveðju

Stjórn Framtíðarlandsins